

Mál nr. 74/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar skemmtistaðarins A****Meiðsl við fall á skemmtistað 02.10. 2011, þar sem M datt um upphækkun inni á staðnum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 15.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til tjónstilkynningar þar sem fram kemur að M hafi verið á háum hælum og misstigið sig á upphækkun sem var á gólfi og snúið sig illa á fæti. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartakans A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi meiðsl M til vanrækslu starfsmanna A eða ófullnægjandi aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ósannað er að frágangur upphækkunarinnar sem um ræðir hafi farið gegn réttarreglum. Slysíð virðist mega rekja til aðgæsluleysis M eða óhappatilviljunar miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.